

AUGLÝSING

um samkomulag við Noreg um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands á árinu 2011.

Hinn 21. október 2010 var undirritað í Lundúnum samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen og efnahagslögsögu Íslands. Samkomulaginu var beitt til bráðabirgða frá og með 1. janúar 2011. Alþingi hafði með þingsályktun nr. 37/139 hinn 10. júní 2011 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samkomulagið.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. ágúst 2022.

F. h. r.

Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG
milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir
innan efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, fiskveiðilögsögu Jan Mayen
og efnahagslögsögu Íslands.

Í samræmi við 3. mgr. sameiginlegrar bókunar um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2011 milli Íslands, Evrópu-sambandsins, Færeyja, Noregs og Rússneska sambandsríkisins 21. október 2010 hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða samningar um veiðar aðila í fiskveiðilögsögu hvers annars.

Að því er varðar Ísland og Noreg verður fyrirkomulagið sem hér segir:

Íslenskum fiskiskípum er á árinu 2011 heimilt að veiða 143.359 lestir af síld í fiskveiðilögsögu Jan Mayen og í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, þar af að hámarki 26.676 lestir í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N.

Norskum fiskiskípum er á árinu 2011 heimilt að veiða allt að 69.469 lestir af síld í efnahagslögsögu Íslands.

Í því tilviki að íslensk fiskiskíp veiða minna en 19.760 lestir af síld í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N á árinu 2011 mun Noregur færa 988 lestir af síldarkvóta sínum á árinu 2012 til Íslands.

Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

Gjört í London 21. október 2010.

Fyrir hönd íslensku
sendinefndarinnar:

Kristján Freyr Helgason

Fyrir hönd norsku
sendinefndarinnar:

Sigrun M. Holst

ARRANGEMENT
between Iceland and Norway on access to the Norwegian Economic Zone North of 62°N,
the Fishery Zone around Jan Mayen and the Icelandic Exclusive Economic Zone

In accordance with paragraph 3 of the Agreed Record of Conclusion of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in the North-East Atlantic for 2011 between Iceland, the European Union, the Faroe Islands, Norway and the Russian Federation of 21 October 2010, separate bilateral arrangements on access to the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties have been concluded.

The following arrangement between Iceland and Norway shall apply:

Icelandic fishing vessels are granted access in 2011 to fish 143,359 tonnes of herring in the Fishery Zone around Jan Mayen or in the Norwegian Economic Zone north of 62°N, of which a maximum of 26,676 tonnes of herring may be fished in the Norwegian Economic Zone north of 62°N.

Norwegian fishing vessels are granted access in 2011 to fish 69,469 tonnes of herring in the Icelandic Exclusive Economic Zone.

In the event that Icelandic fishing vessels catch less than 19,760 tonnes of herring in the Norwegian Economic Zone north of 62°N during 2011, Norway will transfer 988 tonnes of its herring quota for 2012 to Iceland.

The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

Done at London, 21 October 2010

For the Icelandic
Delegation

Kristján Freyr Helgason

For the Norwegian
Delegation

Sigrun M. Holst
